

**A 1633/presidiet**Til umfjöllunar í:
ForsætisnefndFylgiskjal/skjöl:
Þingmannatillaga

Málsnúmer 14-00281-8

Nefndarálit forsætisnefndar um

Þingmannatillögu um aðgerðir til að vinna áfram með hugmyndina um norrænt sambandsríki**1. Tillaga forsætisnefndar**

Forsætisnefndin leggur til

að Norðurlandaráð aðhafist ekki frekar varðandi þingmannatillögu um aðgerðir til að vinna áfram með hugmyndina um norrænt sambandsríki.

2. Aðdragandi

Tillagan um að stofna norrænt sambandsríki var síðast lögð fram af Gunnari Wetterberg árið 2010. Hugmyndir hans urðu kveikja að líflegum umræðum á þingi Norðurlandaráðs og öðrum pólitískum fundum það árið.

Hugmyndin um norrænt sambandsríki var rædd á fundum forsætisnefndar 26. janúar 2011 og 31. mars 2011. Á grundvelli þeirra umræðna ákvað forsætisnefndin að fela Johan Strang, sérfræðingi hjá Miðstöð norrænna fræða (CENS) við háskólann í Helsinki, að semja skýrslu með yfirskriftinni „Så vill vi utveckla det nordiska samarbetet“. Áætlað var að kynna skýrsluna í tengslum við afmælishátíð Norðurlandaráðs árið 2012.

Forsætisnefndin lagði áherslu á að Samband norrænu félaganna (FNF) kæmi að gerð skýrslunnar, auk ráðgjafarhóps sem samanstóð af ýmsum aðilum, þ.á.m. fulltrúum atvinnulífsins og félagasamtaka. Ennfremur vildi forsætisnefnd að skýrslan yrði send í opinbert umsagnarferli.

Afmælishátíðarritið Norræn Samfélög var til ítarlegrar umfjöllunar og umræðu á þingi Norðurlandaráðs 2012 og í nefndum og flokkahópum Norðurlandaráðs eftir það.

Forsætisnefndin ákvað að efna til Norræns Varnarmálasamfélags í formi hringborðsráðstefnu og að hvetja til sameiginlegra umræðna á þjóðþingum Norðurlanda.

Ennfremur var ákveðið að Norðurlönd ættu að þróa forvirka stefnu í málefnum ESB og efla pólitíska vídd í samstarfi sínu, meðal annars innan flokkahópanna.

Norðurlandaráð

3. Umsagnarferli

Þingmannatillagan var kynnt og rædd á þingi Norðurlandaráðs þriðjudaginn 28. október 2014. Höfundar tillögunnar frá Álandseyjum og flokkahópi vinstri sósíalista og grænna tóku til máls og töluðu fyrir efni hennar. Samsvarandi tillögur um þróun norræns sambandsríkis hafa áður verið ræddar 2010, 2011 og 2012. Á fundi forsætisnefndar í janúar 2015 var tillögunni um að vinna áfram að hugmyndinni um norrænt sambandsríki hafnað. Höfundum tillögunnar var falið að endurskoða hana með hliðsjón af afstöðu forsætisnefndar. Endurskoðuð útgáfa tillögunnar hafð þó ekki tekið nægilegum breytingum að mati forsætisnefndar.

A 1633/presidiet

Til umfjöllunar í:
Forsætisnefnd

Fylgiskjal/skjöl:
Þingmannatillaga

Málsnúmer 14-00281-8

4. Sjónarmið forsætisnefndarinnar

Forsætisnefnd telur ekki ástæðu til að bera tillöguna um norrænt sambandsríki aftur upp. Forsagan er sú að áþekkar tillögur hafa verið ræddar ítarlega á árunum 2010, 2011 og 2012, þegar Gunnar Wetterberg flutti tillögu um norrænt sambandsríki og Johan Strang tillögu um að efla norrænt samstarf með því að koma á „Norrænum Samfélögum“. Einkum minnir gerð tillögunnar um norræn samfélög, svo og umboðið til ritunar hennar, um margt á málsliðina í þingmannatillögunni sem hér um ræðir, en fyrrnefnd tillaga var samin í samstarfi við ráðgjafarhóp.

Tillögur Gunnars Wetterbergs og Johans Strangs kveiktu góðar pólitískar umræður í nefndum og flokkahópum Norðurlandaráðs. Þó varð ljóst að stuðningur þingmanna Norðurlandaráðs við tillögurnar dugði ekki til þess að unnið yrði áfram með þær í upprunalegri mynd. Forsætisnefndin átti þó frumkvæði að „Hringborðsráðstefnu um varnarmál“, þar sem þingmenn komu að umræðu um varnarmálastefnu á Norðurlöndum. Einnig hafa margar nefndir átt frumkvæði að svipuðum verkefnum, þar sem samgöngumál og neytendastefna hafa verið á dagskrá.

Forsætisnefndin styður að norræn samkennd verði eflað með dýpra og víðtækara samstarfi á svæðinu innan ramma Helsingforssamningsins. Forsætisnefnd er þannig jákvæð gagnvart því að vera áfram vakandi fyrir möguleikum á að þetta samstarf á Norðurlöndum á ákveðnum sviðum, en ekki eins og núverandi orðalag tillögunnar kveður á um.

5. Niðurstaða

Forsætisnefnd leggur til

að Norðurlandaráð aðhafist ekki frekar varðandi þingmannatillögu um aðgerðir til að vinna áfram með hugmyndina um norrænt sambandsríki.

Reykjavík, 23. júní 2015

Arto Pirttilahti (cent)

Bertel Haarder (V)

Carl Haglund (sv)

Guðbjartur Hannesson (A)

Hans Wallmark (M)

Höskuldur Þórhallsson (F)

Marit Nybakk (A)

Michael Tetzschner (H)

Phia Andersson (S)

Wille Rydman (Saml)

Lagður var fram eftirfarandi fyrirvari:

Á mörgum sviðum felast mikil tækifæri og ávinningur í sterkara sambandi Norðurlanda, til dæmis varðandi eftirfarandi:

Sameiginlegur vinnu- og námsmarkaður: Norðurlönd án landamæra veita einstaklingum mun meiri réttindi og tækifæri á sviði atvinnu og náms.

Umhverfi og loftslag: Norrænt sambandsríki getur verið í fararbroddi í þróun sjálfbærs samfélags sem getur tekist á við viðfangsefni á sviði umhverfis- og loftslagsmála.

Fjárhagslegur sparnaður: Verulegur sparnaður felst í því að draga úr „tvíverknaði“, þar sem sameiginleg aðföng og fjárfestingar geta skilað ávinningi vegna aukinnar skilvirkni.

Atvinnulíf og rannsóknir: Með því að reglugerðir verða í auknum mæli sameiginlegar og stjórnsýsluhindrunum fækkar batna starfsskilyrði atvinnulífsins. Samhæfð rannsóknastefna styrkir stöðu Norðurlanda í fararbroddi á sviði rannsókna og nýsköpunar.

Menningarlegur fjölbreytileiki: Norðurlönd án landamæra efla menningarlíf og menningarmiðlun milli þjóða og menningarheima.

Áhrif á alþjóðavettvangi: Norrænt sambandsríki verður 10. stærsta efnahagskerfi heims og nær frá Thule í vestri til Karelíu í austri. Norðurlönd geta orðið áhrifamikil á alþjóðavettvangi og margir munu leita eftir bandalagi og samstarfi við þau.

Við erum enn þeirrar skoðunar að áhugavert væri að móta nánari tillögu um það hvernig norrænt sambandsríki/ríkjasamband og ýmsar gerðir nánara svæðisbundins samstarfs gætu litið út, meðal annars í tengslum við norrænu þingin. Tillöguna væri síðan hægt að leggja til grundvallar pólitískri umræðu, ekki aðeins í Norðurlandaráði heldur einnig í þjóðþingunum. Við teljum að umræða sem byggir á skýrum tillögum geti rutt veginn fyrir þróun stjórnskipulegra málefna á Norðurlöndum. Við erum sannfærð um að slík framtíðarumræða geti hleypt nýju lífi í stjórn málaumræðu á öllum Norðurlöndum.

Með hliðsjón af framangreindu leggja Christian Beiðjar (S) og Anders Eriksson (ÁF) til, ólíkt tillögu forsætisnefndarinnar, að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

- að skipa sérfræðingahóp, til dæmis með fulltrúum úr háskólum Norðurlanda, til að gera þær athuganir sem þarf og til að móta mismunandi hugmyndir um það hvernig norrænt sambandsríki/ríkjasamband og mismunandi gerðir nánara svæðisbundins samstarfs geti litið út og hvernig það gæti starfað með þingunum;
- að Norræna ráðherranefndin afhendi Norðurlandaráði ofangreindar beinar tillögur í skýrslu;
- að samstarfsráðherrar Norðurlanda hafi umsjón með ferlinu;
- að Norðurlandaráð skipi nefnd með fulltrúum úr Norðurlandaráði til að fylgjast með ferlinu.

Norðurlandaráð

A 1633/presidiet

Til umfjöllunar í:
Forsætisnefnd

Fylgiskjal/skjöl:
Þingmannatillaga

Málsnúmer 14-00281-8